




ÞINGGERÐ 48. ÁRSPINGS

*sem haldið var á Egilsstöðum
24. og 25. október 1997*



Þinggerð.

48. ársþing Landssambands hestamannafélaga 1997.

48. ársþing L.H. var haldið að Hótel Eddu Egilsstöðum dagana 24. og 25. október 1997.

Formaður L.H. Birgir Sigurjónsson setti þingið kl. 10:00 föstudaginn 24. október með stuttri ræðu og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna.

Þá minntist formaður fjögurra félaga sem látist hafa frá síðasta ársþingi, þeirra:

Haraldar Guðnasonar, Freyfaxa.

Sigurgeirs Óskars Sigmundssonar, Smára.

Benedikts Sigfinnssonar, Freyfaxa.

Sigurbjörns Eiríkssonar, Geysi.

Þingheimur vottaði hinum látnu virðingu sína með því að rísa úr sætum.

Þingforsetar voru kjörnir:

Sveinbjörn Eyjólfsson frá Faxa.

Gunnar Jónsson frá Freyfaxa.

Ritarar voru kjörnir:

Yfirritari:

Sigurður Þórólfsson frá Glað.

Ritarar:

Axel Ómarsson frá Herði.

Kristján Kristjánsson frá Loga.

Helga Fjóra Guðnadóttir frá Geysi.

Ávörp gesta.

Formaður Freyfaxa, Sigfús Þorsteinsson, bauð þingfulltrúa velkomna og vonaðist til þess að fólk ætti ánægjulega dvöl og vinnusamt þing. Einnig gladdist hann yfir að þingið skyldi haldið á Egilsstöðum og bauð fram sína aðstoð á svæðinu.

Bæjarstjóri Egilsstaðabæjar, Helgi Halldórsson ræddi hátíðahöld og annað sem fór fram á Egilsstöðum og nágrenni í sumar vegna 50 ára afmælis bæjarins. Ræddi stofnun nýs sveitarfélags og áhrif þess á svæðið, áhrif þjónustu og fór með gamanvísur. Ræddi möguleika á þróun aðstöðu til hestamennsku á svæðinu. Afhenti formanni L.H. fána til minningar frá Egilsstaðabæ.

Kristinn Hugason, hrossaræktaráðunautur bar kveðju Ara Teitssonar formanns Bændasamtaka Íslands og Sigurgeirs Þorgeirssonar framkvæmdastjóra samtakanna. Hann óskaði að Landsmót á Melgerðismelum mætti vel takast og að hestamönnum hlotnist samheldni að mótahaldinu. B.Í. eru tilbúin að stuðla að með L.H. og F.H. að stofnun sérstaks Landsmótasjóðs. Sjóðnum yrði ætlað það hlutverk að auðvelda hinum sem eftir koma undirbúning og kynningu mótanna. Bændasamtökin hafa á síðustu 10 árum lagt mikið kapp á uppbyggingu tölvubankans Fengs.

Að lokum óskaði hann þinginu alls hins besta.

Forseti Í.S.Í, Ellert Schram bar þinginu kveðju og sagðist vera gamall hestamaður. Sagðist halda að hann væri á þinginu vegna sameiningarmálanna. Minnti á að hestamenn sjálfir sóttu á sínum tíma um aðild að Í.S.Í. og að Í.S.Í. hefði þá sýnt tregðu. Minnti á að klofning hestahreyfingarinnar er til komin vegna þessarar aðildar. Telur tíma til komin að nú sé sameinað. Í.S.Í. telur enga annmarka á að frumvarpið nái fram að ganga. Talaði um nýjar skilgreiningar á íþróttum. Lýsti svo óskum um

að hestamenn nái að sameinast. Ræddi skipulag Í.S.Í. og að Í.S.Í. skipti sér ekki beinlínis af rekstri einstakra deilda innan Í.S.Í.

Félagar heiðraðir.

Birgir Sigurjónsson formaður greindi frá ákvörðun stjórnar að heiðra eftirtalda menn:

Leif Jóhannesson

Guðmund Þorleifsson

Kára Arnórsson

Allir hafa þessir heiðursmenn starfað mikið og ötullega að málefnum hestamanna. Formaður sæmði þá gullmerki Landssambandsins.

Leifur Jóhannesson þakkaði heiðurinn og tjáði að hann hefði flutt til Egilsstaða fyrir 40 árum og hafið þá sinn búskap er hann hóf störf hjá Búnaðarsambandi Austurlands. Sinnti þá dómstörfum á Austurlandi og gat sérstaklega 3ja hryssna frá þessum sýningum og hve sýningarnar hefðu verið frísklegar.

Kári Arnórsson þakkaði heiðurinn og gat þess að hann hefði gengið í hestamannafélag fyrir 32 árum vegna sérstaks áhuga á hestum og að íslenski hesturinn væri okkar gimsteinn.

Guðmundur Þorleifsson þakkaði sér sýndan heiður.

Kjörbréfanefnd.

Í nefndinni sátu Sigrún Sigurðardóttir, Gusti, formaður, Sigurður Ragnarsson, Andvara og Þorsteinn Aðalsteinsson, Herði.

Sigrún Sigurðardóttir sagði kjörbréf komin fyrir 115 þingfulltrúa. Þakkaði nefndarmönnum kjörbréfanefndar samstarfið. Fulltrúar kynntir.

Andvari:	<i>Sigurður Hansson, Sigurður Ragnarsson, Sigurður Svavarsson, Ágúst Hafsteinsson, Oddur Hafsteinsson</i>
Blakkur:	Enginn fulltrúi.
Blær:	<i>Ingólfur H Arnarson</i>
Dreyri:	<i>Ragnheiður Þorgrímsdóttir, Kristján Leósson, Bjargey Magnúsdóttir.</i>
Faxi:	<i>Jón Halldórsson, Baldur Björnsson, Sveinbjörn Eyjólfsson, Ingimar Sveinsson.</i>
Fákur:	<i>Bragi Ásgeirsson, Sigurður Marínusson, Þórður Ólafsson, Jónas Kristjánsson, Sigurbjörn Bárðarson, Haraldur Haraldsson, Gunnar Maggi Árnason, Jón Albert Sigurbjörnsson, Erling Sigurðsson, Jón Ingi Baldursson, Kári Arnórsson, Þormar Ingimarsson.</i>
Feykir:	<i>Helgi Valur Grímsson.</i>
Félag tamningamanna.	<i>Einar Öder Magnússon, Freyja Hilmarsdóttir, Ólafur H. Einarsson, Jóhann Þorsteinsson.</i>
Freyfaxi:	<i>Guðmundur Þorleifsson, Ármann Magnússon.</i>

Funi:	<i>Reynir Björgvinsson, Þröstur Jóhannesson.</i>
Geisli:	<i>Pétur Behrens.</i>
Geysir:	<i>Helga Fjóra Guðnadóttir, Lísbet Sæmundsson, Gísli Sveinsson, Þorvaldur Ágústsson, Haukur G. Kristjánsson, Steinunn Gunnarsdóttir, Sigurgeir Bárðarson.</i>
Glaður:	<i>Sigurður Þórólfsson, Marteinn Valdimarsson.</i>
Glófaxi	Enginn fulltrúi
Glæsir:	<i>Hreinn Júlíusson.</i>
Gnýfari:	<i>Ásgrímur Pálmason.</i>
Goði:	<i>Valbjörn Pálsson.</i>
Grani:	<i>Einar Víðir Einarsson</i>
Gustur:	<i>Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Hallgrímur Jónasson, Oddný M Jónsdóttir, Sigrún Sigurðardóttir, Ásgeir Guðmundsson, Kristmundur Halldórsson.</i>
Háfeti:	<i>Ármann Einarsson.</i>
Hending:	Enginn fulltrúi.
Hornfirðingur:	<i>Haukur Þ. Sveinbjörnsson, Ingólfur Vopni Ingvarsson.</i>
Hringur:	<i>Þorsteinn Hólm Stefánsson, Þór Ingvason.</i>
Hörður:	<i>Guðný G Ívarsdóttir, Axel Ómarsson, Einar Ragnarsson, Rafn Jónsson, Þorsteinn Aðalsteinsson.</i>
Kinnskær:	Enginn fulltrúi.
Kópur:	<i>Kristín Ásgeirsdóttir, Fanney Ó Lárusdóttir.</i>
Léttfeti:	<i>Sveinn Guðmundsson, Skapti Steinbjörnsson, Jón Geirmundsson.</i>
Léttir:	<i>Sigfús Ólafur Helgason, Haukur Sigfússon, Jón Ólafur Sigfússon, Reynir Hjartarson.</i>
Ljúfur:	<i>Halldór Guðmundsson, Sigurbjörg Jóhannesdóttir.</i>
Logi:	<i>Knútur Ármann, Kristján Kristjánsson.</i>
Máni:	<i>Ragnheiður Júlíusdóttir, Jón Olsen, Sigurður Kolbeinsson.</i>
Neisti:	<i>Jón Gíslason, Hjörtur Einarsson.</i>
Óðinn:	<i>Guðmundur Valtýsson.</i>

Sindri:	Enginn fulltrúi.
Skuggi:	<i>Hrafnhildur Sigurðardóttir, Þorsteinn Eypórsson.</i>
Sleipnir:	<i>Sverrir Ágústsson, Páll Stefánsson, Halldór Vilhjálmsson, Guðmundur Arnason.</i>
Smári:	<i>Sigurður Steinþórsson, Haraldur Sveinsson, Sigfús Guðmundsson, Rosemarie Þorleifsdóttir.</i>
Snarfari:	Enginn fulltrúi.
Snæfaxi:	<i>Sverrir Möller.</i>
Snæfellingur:	<i>Skúli Skúlason, Sigrún Ólafsdóttir.</i>
Sóti:	<i>Ársæll Gunnarsson, Kjartan Antonsson.</i>
Stigandi:	<i>Anna Jóhannesdóttir, Agnar Gunnarsson, Páll Dagbjartsson.</i>
Stormur:	<i>Sigþór Gunnarsson.</i>
Svaði:	<i>Símon I Gestsson, Þórarinn Arnarson.</i>
Sörli:	<i>Ágúst Oddsson, Sigríður Sigþórsdóttir, Birgir Sigurjónsson, Sigurður Ævarsson.</i>
Trausti:	<i>Snæbjörn Sigurðsson, Heimir Davíðsson.</i>
Þjálfari:	<i>Gísli Haraldsson, Hjalti Jón Sveinsson.</i>
Þráinn:	<i>Guðni Sigþórsson.</i>
Þytur:	<i>Gunnar Þórarinnsson, Halldór B Sigurðsson.</i>
Dómarafélag L.H.:	<i>Þormar Ingimarsson (var fulltrúi Fáks).</i>

Rétt til þingsetu áttu 125 þingfulltrúar frá 49 hestamannafélögum. Kjörbréf voru komin fyrir 115 þingfulltrúa frá 43 félögum. Engir fulltrúar voru mættir frá 6 hestamannafélögum.

Auk framangreindra sátu þingið:

Stjórnarmenn L.H. þeir:

Birgir Sigurjónsson formaður (þingfulltrúi)

Guðbrandur Kjartansson varaformaður.

Halldór Gunnarsson ritari.

Sigurgeir Bárðarson gjaldkeri (þingfulltrúi)

Jón Bergsson meðstjórnandi.

Sigríður Sigþórsdóttir meðstjórnandi (þingfulltrúi)

Sigbjörn Björnsson meðstjórnandi.

Starfsmenn skrifstofu:

Sigurður Þórhallsson framkvæmdastjóri L.H.

Ingibjörg Magnúsdóttir.

Þingforsetar:

Sveinbjörn Eyjólfsson (Þingfulltrúi)

Gunnar Jónsson.

Hrossaræktarráðunautur Bl., Kristinn Hugason.

Gestir:

Helgi Halldórsson bæjarstjóri Egilsstaðabæjar

Hulda Geirsdóttir framkvæmdastjóri Félags hrossabænda, auk nokkurra gesta og fréttamanna sem komu á þingið sem var opið öllum sem vildu.

Skýrsla stjórnar.

Birgir Sigurjónsson formaður flutti skýrslu stjórnar. Skýrslan lá fyrir fjölprentuð og er vísað til hennar. Var skýrslan mjög ítarleg og gaf glögga mynd af umfangsmiklu starfi samtakanna.

Skýrslan skiptist í eftirfarandi kafla:

1. Stjórn 1996-1997.
2. Skrifstofa L.H.
3. Samþykktir 47. ársþings, meðferð mála o.fl.
 - a) Fjárhagsmál.
 - b) Sameiningarmál.
 - c) Fræðslumál
 - d) Keppnisreglur.
 - e) Keppnisnefnd.
 - f) Kynbótamál.
 - g) Reiðvegamál.
 - h) Að kortleggja reiðleiðir.
 - i) Smitsjúkdómar í hrossum.
 - j) Agadómstóll.
 - k) Beitarmál.
 - l) Endurskoðun náttúruverndarlaga.
 - m) Umhverfisþing.
 - n) Fjölmíðlar.
4. Skýrsla ferða- og umhverfisnefndar.
5. Hesturinn okkar.
6. Samstarfssamningur við Flugleiðir.
7. Áningarhólfasjóður.
8. Skógarhólar og Skógarhólanefnd.
9. Skýrsla lyfjaeftirlitsnefndar.
10. Skýrsla mannvirkjanevndar.
11. Skýrsla æskulýðsnefndar.
12. Reiðvegafé, reiðveganevnd.
13. Breytingar á reglum um framkvæmd lands- og fjórðungsmóta.
 - a) Bréf til eigenda mótssvæða.
 - b) Undirbúningur.
 - c) Viðmiðunarreglur um búnað og aðstöðu á landsmótsstað.
 - d) Umsóknir um landsmót árin 2000 og 2002.
 - e) Val á landsmótsstöðum.
 - f) Nýjar stoðir að fjármögnun landsmóta. Landsmótasjóður.
14. Dómarafélag L.H.
15. Fjórðungsmót á Vesturlandi 1997.
16. Mótanefnd L.H., mótadagar.
17. Skýrsla framkvæmdanevndar landsmóts 1998.
18. Helstu viðburðir ársins.
19. Aðalfundur FEIF.

20. FEIF-nefnd.
21. Skýrsla Víkings Gunnarsson ræktunarfulltrúa FEIF.
22. Skýrsla Kristins Hugasonar hrossaræktarráðunauts.
23. Ársreikningar L.H. 1996.

Formaður las valda kafla skýrslunnar og vísaði til annara kafla sem hann hvatti þingfulltrúa til að kynna sér. Að öðru leyti vísast til skýrslunnar í heild.

Reikningar.

Sigurgeir Bárðarson gjaldkeri kynnti reikninga samtakanna. Tekjur voru alls 8.942.964 kr. en gjöld 8.718.297 kr. Hagnaður var því 224.667 kr. Veltufjármunir voru 3.150.945 kr. Fastafjármunir 2.603.312 kr. Aðrar eignir 357.500. Eignir alls eru því kr. 6.111.757, skammtímaskuldir eru 945.517 kr. Áningarhólfasjóður 366.948 kr. Óráðstafað eigið fé 4.799.292 kr. Reikningarnir eru áritaðir án athugasemda af skoðunarmönnum félagsins Gísli B. Björnssyni og Þorvaldi Þorvaldssyni.

Sigurgeir skilaði kveðju frá Albert Jóhannssyni, Skógum fyrrverandi formanni L.H. með þakklæti fyrir afmælisgjöf frá L.H. á 70 ára afmæli sínu.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.

Jónas Kristjánsson þakkaði góða skýrslu og hve vel hún var unnin. Þakkaði einnig hversu mikið tillit hefði verið tekið til kvartana og athugasemda frá fyrri þingum.

Sigfús Helgason þakkaði góða skýrslu. Ræddi ferða- og umhverfismál, þá sérstaklega reiðvegamál. Benti á nytsemi ferða- og umhverfisnefndar og lausn þeirrar nefndar á reiðvegamáli í Eyjafirði. Lýsti óánægju sinni með tekjuöflun af Landsmóti, vill að fleiri en hestamenn greiði kostnaðinn af Landsmótum. Óskaði Reykvíkum til hamingju með Landsmót árið 2000.

Þorsteinn Eypórsson þakkaði góða skýrslu. Benti þó á villu í henni, það að formaður framkvæmdanefndar Fjórðungsmóts Vesturlands væri rangnefndur. Hann hefði verið Gunnar Kristinsson.

Sigurður Hansson tók undir orð Sigfúsar um reiðvegamál. Þakkaði ferða- og umhverfisnefnd vel unnin störf vegna reiðvegamála í Heiðmörk. Þá þakkaði hann einnig fyrir að fá fundargerðir stjórnar L.H.

Halldór Guðmundsson þakkaði skýrslu stjórnar en vill fá hana senda með þinggögnum. Taldi skýrt að skilja eftir tvö félög með úthlutun á reiðvegafé, fór fram á rök frá stjórn fyrir þeirri ákvörðun. Gat um aukafjárveitingu til Eyfirðinga vegna Landsmóts, talaði um hvort hún yrði ekki minni næsta ár. Efast um að stjórn hafi unnið störf sín því nú er fyrst ljóst að hægt verði að komast til Melgerðismela. Vitnaði í spurningalista sem hefur komið til sunnlendinga um ágæti Gaddstaðafлата sem landsmótsstaðar. Sagði að sunnlendingar hefðu byggt upp Gaddstaðaflati án opinberra styrkja. Er á móti því að leitað sé styrkja til hins opinbera um uppbyggingu mótssvæða. Er á móti stofnun Landsmótssjóðs, telur að verði farið í vasa bændasamtaka og í aðgangseyri.

Jón Albert Sigurbjörnsson þakkaði góða og vandaða skýrslu. Þakkaði góð vinnubrögð í reiðvegamáli. Telur að færri félög eigi að fá stærri upphæðir svo betur megi nýta féð.

Sigurður Þórhallsson sagði að aðeins 104 þingfulltrúar væru komnir til þings, enn vantaði 11. Flugvél væri væntanleg úr Reykjavík með nokkra fulltrúa.

Sigurður bar einnig kveðjur og þakkir frá gullmerkishöfum sem boðið hafði verið til þingsins og haft höfðu samband við skrifstofuna.

Vegna þess að væntanlegir voru fleir þingfulltrúar til þingsins var afgeiðslu kjörbréfanefndar og atkvæðagreiðslu um reikninga frestað þar til eftir matarhlé.

Matarhlé frá 12:15 til 13:25.

Sameiginlegur þingfundur hófst að nýju kl. 13:25.

Tillögur lágu fyrir um formenn starfsnefnda þingsins sem voru níu.

Allsherjarnefnd:	Hallgrímur Jónasson, Gusti.
Ferða- og umhverfisnefnd:	Hjalti Jón Sveinsson, Sörla.
Fjárhagsnefnd:	Haukur G. Kristjánsson, Geysi.
Fræðslu- og útgáfunefnd:	Pétur Behrens, Geisla.
Keppnisnefnd:	Gísli Haraldsson, Þjálf.
Kynbótanefnd:	Ingimar Sveinsson, Faxe.
Laganefnd:	Páll Dagbjartsson, Stíganda.
Æskulýðsnefnd:	Ragnheiður Júlíusdóttir, Mána.
Mótanefnd:	Reynir Hjartarson, Létti.

Þingforseti las síðan tillögur sem fyrir þinginu lágu og vísaði málum til starfsnefnda.

Þingskjal nr: 3

Flytjandi: Stjórn L.H.

Framsögumaður:

Nefnd: Fjárhagsnefnd

48. ársþing L.H. haldið á Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 samþykkir eftirfarandi tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 1998:

Tekjur:

1.	Árgjöld félaga:			
	16 ára og yngri	1.030 a)	500	kr. 515.000
	17 - 69 ára	5.860 a)	1.000	kr. 5.860.000
2.	Aðrar tekjur			kr. 2.135.000
				kr. 8.510.000

Gjöld:

1.	Laun og launatengd gjöld	kr. 3.300.000
2.	Annar skrifstofukostnaður.	kr. 1.800.000
3.	Þinghald og fundir	kr. 600.000
4.	Akstur og ferðakostnaður.	kr. 550.000
5.	Dómarafélag námsk. og fræðsla	kr. 150.000
6.	Æskulýðsstarf	kr. 1.000.000
7.	Lyfjapróf	kr. 180.000
8.	Erlend samskipti - FEIF	kr. 450.000
9.	Vaxtagjöld	kr. 40.000
10.	Afskriftir	kr. 40.000
11.	Annar kostnaður	kr. 400.000
		kr. 8.510.000

Athugasemd kom frá Sigurgeir Bárðarsyni gjaldkera L.H. Ef af sameiningu verður, verður þessi áætlun ekki gild.

Þingskjal nr.: 4

Flytjandi: Dómarafélag L.H.

Framsögumaður:

Nefnd: Laganefnd

48. ársþing L.H. haldið á Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 samþykkir breytingar á reglugerð um félagsaðild í hestamannafélögum 5.7.l.

Lagt er til að inn í 3. grein bætist við:

... Hestur getur aðeins keppt fyrir eitt félag hvert keppnistímabil sem er almanaksárið. Undantekning frá þessu er ef um firmakeppni, opið mót eða aðrar sýningar í fjáröflunarskyni er að ræða.

Breyting er undirstrikuð.

Greinargerð:

Opnum mótum fjölgar jafnt og þétt sem er af hinu góða og er rétt að það sé opið öllum án allra hindrana.

Þingskjal nr.: 5

Flytjandi:	Sameiningarnefnd L.H. og HÍS
Framsögumaður:	
Nefnd:	Laganefnd

48. ársþing L.H. haldið að Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 samþykkir breytingar á lögum L.H. samkvæmt meðfylgjandi tillögu um lagabreytingar.

Þingskjalið er birt hér aftar í skýrslunni í afgreiðslu laganefndar eins og það var samþykkt á þinginu og er vísað til þess.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson formaður sameiningarnefndar ræddi aðdraganda sameiningarmála og greindi frá sögu sameiningartillagna til dagsins í dag. Sveinbjörn gerði einnig frekari grein fyrir þeirri tillögu sem nú er lögð fyrir þingið. Sveinbjörn vísaði einnig í breytta tillögu sem dreift var meðal fundarmanna. Lögin með áorðnum breytingum fara hér á eftir.

Þingskjal nr.: 6

Flytjandi:	Stjórn L.H.
Framsögumaður:	
Nefnd:	Fræðslunefnd

48. ársþing L.H. haldið á Egilsstöðum 24. og 25. okt. 1997 samþykkir að stjórn L.H. í samvinnu við Dómarafélagið taki upp viðræður við Hólaskóla um að skólinn sjái um framkvæmd námskeiða fyrir gæðingadómara og jafnframt að útskrifa nýja dómara í nánu samstarfi við L.H. og DFLH.

Greinargerð:

Með þessari tillögu er gerð tilraun til að koma á ákveðinni festu í menntunarmálum dómara og tryggja þeim aðstöðu og fjármagn. Hólaskóli hefur nú á hendi forystuhlutverk um kennslu í hrossarækt og hestamennsku hér á landi, sem augljóst er að nýst gæti við menntun dómara hjá L.H. Gert er ráð fyrir að öll framkvæmd í menntun og útskrift nýrra dómara verði samstarfsverkefni L.H., DFLH og Hólaskóla.

Þingskjal nr.: 7

Flytjandi:	Hestamannafélagið Hörður
Framsögumaður:	
Nefnd:	Ferða og umhverfisnefnd

48. ársþing L.H. haldið á Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 **samþykkir að L.H. beiti sér fyrir því að hestamannafélagin um land allt komi upp stöðluðum umhverfisvænum ruslatunnum á áningastöðum fjölfarinna reiðleiða til að hestamenn geti komið frá sér óæskilegu rusli á sem snyrtilegastan hátt. Hestamannafélagin á hverjum stað sjái síðan um að tæma tunnurnar.**

Greinargerð:

Fyrr í sumar fengu formenn Harðar og Fáks áminningarbréf frá L.H. um slæma umgengni á reiðleiðinni, Mosfellsbær Skógarhólar þegar farið var í hina árlegu Jónsmessuferð félaganna. Bjórdósir og umbúðir af nesti lágu á víð og dreif á áningastöðum og meðfram reiðleiðinni sjálfri. Þetta hefði hugsanlega verið örðuvísi ef tunnur hefðu verið til staðar. Nú finnst okkur orðið tímabært að sinna áhugareiddmanninum betur þegar hann er á sínum lengri reiðtúrum með nestið sitt og finnst gott að losna við ruslið úr vösum, því þessi hópur áhugamanna eru um 70 til 80% hvers félags.

Þingskjal nr.: 8

Flytjandi: Reiðveganefnd L.H.
Framsögumaður:
Nefnd: Ferða og umhverfisnefnd

48. ársþing L.H. haldið á Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 samþykkir eftirfarandi viðmiðunarreglur fyrir úthlutunarnefnd reiðvegafjár:

- **Það fé sem til skipta er hverju sinni renni að öllu jöfnu í reiðvegi sem ekki liggja með stofnbrautum þjóðvegakerfisins.**
- **Ekki verði frekar úthlutað til félaga á þeim svæðum þar sem landsmót eða önnur stórmót fara fram.**
- **Fremur verði veittir færri og stærri styrkir, heldur en að sinna öllum umsóknum hverju sinni með smá framlögum.**
- **Tekið verði tillit til þess hvort félag sem sækir um reiðvegafé hefur fengið úthlutun tvö til þrjú s.l. ár.**
- **Skilyrðislaust fylgi kostnaðaráætlun og framkvæmdalýsing með öllum umsóknum.**
- **Ekki verði úthlutað til framkvæmda nema samþykki landeigenda liggi fyrir, reiðvegur skal vera inn á samþykktum skipulagsupprætti eða skriflegt samþykki sveitarstjórnar til staðar.**
- **Það styrkir umsókn ef fyrir liggur vilyrði bæjarstjórna/sveitarstjórna eða héraðsnefnda um framlög á móti.**

Greinargerð:

Til þessa hafa úthlutunarnefndir reiðvegafjár ekki haft neinar ákveðnar reglur til að styðjast við. Ekki hefur heldur skapast nein hefð eða vinnuregla. Það er nefndinni mikill styrkur að hafa ákveðnar reglur að fara eftir, því er þessi tillaga fram komin.

Þingskjal nr.: 9

Flytjandi: Mótanefnd L.H.
 Framsögumaður:
 Nefnd: Kynbótanefnd

48. ársþing L.H. haldið á Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 **beinir því til kynbótanefndar fagráðs að afkvæmasýningar á hryssum í núverandi mynd verði lagðar niður.**

Greinargerð:

Afkvæmasýningar á hryssum skila engu í kynbótastarfinu. Til að minnka og einfalda umfang kynbótasýninga, á lands- og fjórðungsmótum geta þær rúmast innan ræktunarbússýninga.

Þingskjal nr.: 10

Flytjandi: Hestamannafélögin Léttir og Funi.
 Framsögumaður:
 Nefnd: Keppnisnefnd

48. ársþing L.H. haldið að Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 **samþykkir breytingar á 10. gr. gæðingakeppni um dómara og dómstörf.**

Breyting við 10. gr. um dómara:

2. málsgrein orðist svo.

Dómnefnd skal skipuð 3 dómurum auk hins 4 sem stjórnar keppni og eins varadómara.

Heimilt er að færri dómaraar dæmi á innanfélagsmótum.

Hverjum dómara skal vera ritari til aðstoðar.

Framangreindir menn skulu valdir af eftirtöldum aðilum.

1. Á landsmóti af stjórn L.H. Samanber reglur um framkvæmd lands- og fjórðungsmóta, gr. 6.
2. Á fjórðungsmótum og öðrum sambærilegum stórmótum af viðkomandi mótanefnd.
3. Á innanfélagsmótum af mótanefnd eða félagsstjórn.

Greinargerð:

Við lauslega athugun á dómum á stórmótum hefur komið í ljós að ekki er verulegur munur á einkunnagjöf dómara þegar á heildina er litið.

Því má ætla að fækkun dómara úr fimm í þrjá skipti ekki verulegu máli hvað varðar endanlega dóma. Einnig má benda á þá hagræðingu sem felst í þessari breytingu.

Þingskjal nr.: 11

Flytjandi: Hestamannafélögin Léttir og Funi
 Framsögumaður:
 Nefnd: Keppnisnefnd

48. ársþing L.H. haldið á Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 **samþykkir að vinna að breytingum á kappreiðareglum í þá veru að fljótandi start verði tekið upp í öllum greinum kappreiða.**

Allir keppnishestar í hverri grein fyrir sig verði mættir á ráslínu áður en keppni hefst í viðkomandi grein.

Stefnt skal að því að þessar breytingar taki gildi fyrir komandi landsmót.

Greinargerð:

Tillaga þessi er fram borin til að gera veg kappreiðanna meiri og skemmtilegri og meira spennandi fyrir áhorfendur. Útrýma verður þeirri bið og seinangangi sem viðgengist hefur.

Þingskjal nr.: 12

Flytjandi: Mannvirkjanefnd hestamanna
Framsögumaður: Nefnd: Keppnisnefnd

48. ársþing L.H. haldið á Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 samþykkir að stefnt skuli að því að hringvellir verði með beygjum eins og samþykkt var á 32. ársþingi L.H. og að heimilt skuli að gæðingakeppni og unglingakeppni fari fram á 250 m hringvelli.

15. gr. reglugerðar um gæðingakeppni verði því svohljóðandi:

Æskilegt er að gæðingakeppni fari fram á 300m hringvelli skv. meðfylgjandi uppdrætti en jafnframt sé heimilt að keppa á hringvöllum allt niður í 250 m að stærð með a.m.k. 4 m breiðri braut. Slíkir vellir séu með beinum brautum út úr hringnum þannig að hægt sé að sína skeið á a.m.k. 175 m beinni braut. Hringvöllinn skal eigi afmarka meira en nauðsyn krefur.

Greinargerð:

Með þessari tillögu er annars vegar verið að festa í sessi hestvænar beygjur á völlum sem hafa reynst vel og hins vegar að rýmka til með stærðir á völlum þannig að hægt sé að komast af með eina stærð á völlum þar sem aðstæður háttu þannig til.

Þær beygjur sem mælt er með hafa verið notaðar í mörg ár og hafa líkað vel. Þær eru þannig hannaðar að beygjan verður smám saman krappari þar til mesta krappa er náð og síðan minnkar krappinn smám saman aftur í stað þess að riðið sé af beinni braut og beint inn á hringferil og af honum inn á beina braut án nokkurs aðdraganda. Hliðarhallinn er síðan breytilegur þannig að hann er mestur þar sem krappinn er mestur.

Mannvirkjanefnd mælir ekki með að byggðir séu sambyggðir 200 m og 300 m vellir, eða 250 og 300 m vellir, því sú tegund af völlum gerir það mun erfiðara að afmarka hliðarhallann á minni vellinum auk þess sem sá völlum sem ekki er verið að riða á veldur truflunum í keppni. Nefndin leggur því til að annað hvort séu búnir til tveir aðskildir vellir, annar fyrir gæðingakeppni og hinn fyrir íþróttakeppni, eða þá að notaður sé einn og sami völluminn sem hægt væri að gera ef heimild verður veitt til að gæðingakeppni fari fram á 250 m hringvelli.

Jafnframt bendir nefndin á að hönnunin gengur út frá því að skeiðað sé út úr hringnum og út á spenana í vellinum til að sýningin verði heilsteypt. Gert er ráð fyrir að vellirnir séu annað hvort B-laga, eða A-laga, til þess að hægt sé að taka skeið bæði á vinstri- og hægri- hönd, en endinn á spenunum er hafður upphækkaður til að enda skeiðsprettinn.

Mannvirkjanefnd leggur jafnframt til að sömu breytingar verði gerðar á keppnisreglum í unglinga- og barnaflokkum.

Þingskjal nr.: 13

Flytjandi: Æskulýðsnefnd L.H. og HÍS
Framsögumaður: Nefnd: Keppnisnefnd

48. ársþing L.H. haldið á Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 samþykkir eftirfarandi breytingar á úrslitakeppni bls. 3.1.2.

Úrslitakeppni:

Setningin "Framkvæmdanefnd skal sjá um að allir knapar beri greinileg númer t.d. á stígvélum" falli út og breyting á næstu setningu verður eftirfarandi: **Í úrslitakeppni skulu allir þátttakendur fá verðlaun.** Út fellur setningin: Í úrslitakeppni skulu taka þátt jafnmargir knapar og verðlaun eiga að hljóta. Að öðru leyti helst greinin óbreytt.

Greinargerð:

Á félagsmótum ber það of oft við að aðeins þrír knapar hljóti verðlaun og sárt er að sjá börn og unglinga ríða af velli í úrslitum án viðurkenningar.

Þingskjal nr.: 14

Flytjandi: Æskulýðsnefnd L.H. og HÍS
 Framsögumaður:
 Nefnd: Keppnisnefnd

48. ársþing L.H. haldið á Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 samþykkir eftirfarandi breytingar á úrslitakeppni - barnaflokki:

Úrslitakeppni - barnaflokkur:

Síðasta málsgrein í þeim flokki er eftirfarandi:

"Knapar safnist saman á skammhlið og komi sér saman um í samráði við stjórnanda í hvaða átt skal ríða;" **breytist og verður eftirfarandi:**

Knapar safnist saman á langhlið og komi sér saman um í samráði við stjórnanda í hvaða átt skal ríða.

Greinargerð:

Vegna reynslu fyrri ára þegar hestur kemur á stökki á skammhlið þá geta skapast árekstrar og slyshætta. Hestur og barn hafa skammhlið til að hægja niður eins og í forkeppni og hefur það gefist vel í sumar þar sem það var prófað.

Þingskjal nr.: 15

Flytjandi: Æskulýðsnefnd L.H. og HÍS
 Framsögumaður:
 Flytjandi: Keppnisnefnd

48. ársþing L.H. haldið á Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 samþykkir eftirfarandi breytingar á 11. gr. gæðingakeppni um dómara og dómstörf.

Á eftir setningunni; "Eigi dómari hesta í keppni á innanfélagsmóti vikur hann úr dómnefnd á meðan hestur hans er dæmdur" komi; **"Dómarar dæmi ekki maka sinn né börn hvorki á lands-fjórðungs eða innanfélagsmótum.**

Greinargerð:

Upp hafa komið kærur og mikil óánægja vegna slíks undanfarin ár.

Þingskjal nr.: 16

Flytjandi: Dómarafélag L.H.
 Framsögumaður:
 Nefnd: Keppnisnefnd

48. ársþing L.H. haldið á Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 samþykkir breytingar á reglugerð; ***“Um dómara og dómstörf II. kafli 2.1.3”***.

Lagt er til að inn í grein 13. bætist við: (breyting undirstrikuð)

...Sýnanda er frjálst í hvaða röð hann sýnir þau atriði sem dæma skal. ***Keppni skal hefjast á miðri skammhlið.*** Noti sýnandi....

Greinargerð:

Yfirgnæfandi fjöldi keppenda hefur keppni á skammhlið eins og áður var í reglum. Er þá verið að tala um prósentuhlutfallið 90-95%. Það er ákveðið stílbrot á keppni þegar fáir knapar hefja keppni á fleiri en einum stað. Þetta hefur gert dómurum og sérstaklega stjórnanda erfitt fyrir og kallar nánast á aukastarfsmann við að skrá upphafspunkt hvers keppanda og teikna upp sýninguna.

Þingskjal nr.: 17

Flytjandi: Dómarafélag L.H.

Framsögumaður:

Nefnd: Keppnisnefnd

48. ársþing L.H. haldið á Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 samþykkir breytingar á reglugerð; ***“Um dómara og dómstörf II. kafli 2.1.3.”***

Lagt er til að inn í grein 15 bætist við: (breyting undirstrikuð)

.... Aðra langhliðina verður að vera unnt að opna þannig að færi gefist á a.m.k. 175 metra langri beinni braut ***fyrir skeiðsýningu A-flokks gæðinga og ungmennaflokks.***

Greinargerð:

Keppnisvöllur gæðingakeppninnar er hinn lögboðni 300 metra hringvöllur, en þó er gerð undantekning við keppni í skeið! Eftirfarandi er texti samþykktur af landsdómurum frá Hólaráðstefnu 1994 varðandi þetta atriði:
“Gæðingum í A-flokki er heimilt að fara út af merktri braut, hæfilegan hring þegar sýna á skeið, til að leiða hestinn á rétt stökk áður en hann tekur skeiðið. Miðað er við skábraut eða hliðstæðar brautir. Þetta minnkar hættu á kýrstökki og misheppnuðu skeiði. Hesturinn haldi fullur hraða á skeiði að enda hringvallar. Þetta gildir ekki í unglíngakeppni, yngri flokki barna né B-flokki”.

Þingskjal nr.: 18

Flytjandi: Mótanefnd L.H.

Framsögumaður:

Nefnd: Keppnisnefnd

Tillaga að breytingum á reglum um gæðingakeppni.

48. ársþing L.H. haldið á Egilsstöðum 24. og 25. okt. 1997 samþykkir að 3 dómara dæmi á lands og fjórðungsmótum í stað 5 eins og nú er. Þetta á við A og B flokk gæðinga, barna, unglínga og ungmennaflokk. Heimilt er að fjölga dómurum úr þremur í fimm í einstökum flokkum telji framkvæmdanefnd viðkomandi móts það nauðsynlegt.

Greinargerð:

Kostnaður við stórmótahald vex sífellt þ.á.m. kostnaður við dómstörf. Því er þessi tillaga flutt á þessu þingi, svo að lækka megi þennan kostnaðarlið nokkuð á lands og fjórðungsmótum. Í núverandi reglum er gert ráð fyrir 5 dómurum í öllum flokkum.

Þingskjal nr.: 19

Flytjandi: Mótanefnd L.H.
Framsögumaður:
Nefnd: Mótanefnd

48. ársþing L.H. haldið á Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 samþykkir eftirfarandi breytingar á reglum um framkvæmd lands og fjórðungsmóta.

Reglur um framkvæmd lands og fjórðungsmóta. 1. gr.

Á eftir fyrstu málsgrein sem endar á "að fjórum árum liðnum" kemur eftirfarandi:
Vesturland og Austurland hafa heimild til að halda fjórðungsmót árin á milli landsmóta.

Einnig kemur viðbót við 5. gr. reglna um framkvæmd lands og fjórðungsmóta sem yrði liður f).

5. gr.

f) Upphæð skráningargjalda.

Greinargerð:

Kostnaður við stórmótahald vex sífellt. Til þess að treysta betur rekstur lands og fjórðungsmóta er sú leið farin að setja á skráningargjöld. Gert er ráð fyrir að öll hross sem koma fram á þessum mótum verði gjaldskyld í þessu sambandi. Gjaldskráin verður sett upp í mismunandi gjaldflokka.

Þingskjal nr.: 20

Flytjandi: Stjórn L.H.
Framsögumaður:
Nefnd: Allsherjarnefnd

Með vísan til þess að stofna á Landsmótasjóð til fjármögnunar undirbúnings landsmóta, ***samþykkir 48. ársþing L.H. haldið að Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 að allt að 15% af skráningargjöldum hrossa á landsmótum renni til eflingar og endurnýjunar sjóðsins.***

Greinargerð:

Koma þarf þessum málum á fastan grundvöll. Sjá nánar kafla í ársskýrslu "Nýjar stoðir að fjármögnun landsmóta. Landsmótasjóður" á bls. 22.

Nú voru reikningar bornir undir atkvæði og samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

Kjörbréfanefnd.

Sigrún Sigurðardóttir formaður nefndarinnar gerði grein fyrir álitum kjörbréfanefndar og las upp nöfn þingfulltrúa og stóðu þeir upp um leið og nöfn þeirra voru lesin. Sjá nöfn þingfulltrúa hér framar í þinggerðinni.

Nú var komið að "þema" ársþingsins sem var "**Ímynd hestamannsins í þjóðfélaginu í dag og til framtíðar**". Framsögumaður var **Ragnar Frank Kristjánsson** frá Náttúruvernd ríkisins. Ragnar ræddi ítarlega um hestamennsku

út frá náttúruverndarsjónarmiði og nýtti sér myndvarpa og glærur til áréttingar máli sínu. Erindið var fróðlegt og átti þarft erindi til hestamanna og fékk góðar undirtektir þingfulltrúa en ákveðið var að umræður um málið færu fram í ferða og umhverfisnefnd þingsins. Sjá nánar tillögur og ályktanir ferða og umhverfisnefndar í þinggerðinni.

Nefndastörf.

Nefndastörf hófust kl. 15:00 og stóðu fram eftir degi en sameiginlegur þingfundur hófst aftur kl. 17:30 og voru þá tekin fyrir þau þingskjöl sem tilbúin voru á meðan önnur þingskjöl voru í fjölföldun.

Ferða- og umhverfisnefnd.

Framsögumaður var Hjalti Jón Sveinsson. Hann mælti fyrir álit nefndarinnar sem var í þremur liðum. Fyrir nefndinni lágu þingskjöl nr. 7 og 8.

1.

48. ársþing L.H. haldið að Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 **felur stjórn L.H. að vera vel á verði að gæta hagsmuna hestamanna á leiðum þeirra um landið.**

2.

48. ársþing L.H. haldið að Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 **felur stjórn L.H. að gera uppkast af siðareglum, sem ná til umgengni hestamanna við náttúru landsins á öllum sviðum.**

Varðandi þingskjal 7, er gert ráð fyrir að siðareglur ná yfir þau atriði sem þar koma fram.

3.

48. ársþing L.H. haldið að Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 **felur stjórn L.H. að láta vinna viðmiðunarreglur fyrir úthlutunarnefnd reiðvegafjár.** Reglunum fylgi ítarleg greinargerð.

Þessi tillaga var gerð í tilefni af þingskjali nr. 8. Ferða og umhverfisnefnd þingsins telur að leggja beri meiri vinnu í þau efnisatriði sem þar koma fram.

Varðandi umfjöllun um þingskjal nr. 7 og greinargerð er þingskjalinu fylgdi, gerði **Reynir Hjartarson** svohljóðandi athugasemd:

*Auðvitað sviður hér áminntum hetjum
allir sínu rusli skili.
Við tökum oss á og tunnurnar setjum
með tíu faðma millibili.*

Sigurgeir Bárðarson kvaddi sér hljóðs og bað Ferða- og umhverfisnefnd að útskýra betur álit nefndarinnar.

Hjalti Jón Sveinsson útskýrði nánar álit nefndarinnar, m.a. að nefndin væri ekki ósammála þingskjali nr. 8 en betri útlistun þyrfti og skýrari greinargerð og nákvæmara orðalag.

Ekki kvöddu fleiri sér hljóðs og var ályktunin borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Kynbótanefnd.

Framsögumaður: Ingimar Sveinsson.
Fyrir nefndinni lá þingskjal nr. 9

Breytingartillaga við þingskjal nr. 9. Enginn vildi ræða breytingartillöguna.

Breytingartillaga við þingskjal nr. 9

Nefnd: Kynbótanefnd
Framsögumaður: Ingimar Sveinsson

48. ársþing L.H. haldið á Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 **beinir því til kynbótanefndar fagráðs að afkvæmasýningar á hryssum í núverandi mynd verði lagðar niður en nái hryssur mörkum 1. eða heiðursverðlauna þá hljóti þær þá titla.**

Greinargerð:

Birt yrði árlega tafla í Hrossaræktinni þar sem nafn og einkunnarstig er skráð. Reglur um útfærslu matsins verði birtar fyrir áramótin næstu.

Samþykkt með þorra atkvæða gegn einu.

Ályktun kom frá kynbótanefnd svohljóðandi:

48. ársþing L.H. haldið að Egilsstöðum 24. og 25. okt. 1997 **lýsir stuðningi við þá tillögu fagráðs í hrossarækt að allir eldri dómar verði hafðir við hendi þegar kynbótahross eru endurdæmd. Ársþingið samþykkir einnig að sköpulagsdómi á fullvöxnu hrossi (6. vetra og eldri) verði ekki breytt nema þung rök liggi fyrir.**

Var ályktunin samþykkt samhljóða.

Önnur ályktun kom frá kynbótanefnd. Samþykkt samhljóða svohljóðandi:

48. Ársþing L.H. haldið að Egilsstöðum 24. og 25. okt. 1997 **leggur áherslu á að unnið verði að því að fá staðfestingu á uppruna íslenska hestsins hjá Evrópusambandinu og hvetur landbúnarráðuneytið til að fylgja því fast eftir.**

Greinargerð:

Vísað er til ummæla Kristins Hugasonar í skýrslu stjórnar varðandi staðfestingu uppruna íslenska hestsins. Komið hefur fram að í Þýskalandi hefur verið farið fram á að uppruni íslenska hestsins sé talinn germanskur.

Nokkur umræða varð um verð á útfluttum hrossum og áhrif verðlags á ræktunina

Ný tillaga þingskjal nr. 26 var samþykkt samhljóða og er svohljóðandi:

Þingskjal nr. 26

"48. ársþing L.H. haldið að Egilsstöðum 24. og 25. okt. 1997 **beinir því til stjórnar L.H. og stjórnar BÍ að landsmótum verði lokið ekki síðar en 10. júlí á mótsárinu.**"

Umræður um tímasetningu landsmóta. Ingimar Sveinsson vakti máls á því hvort ekki væri rétt að halda í þá reglu að landsmót verði haldið fyrstu helgi í júlí. Nokkur skoðanaskipti urðu og rök með og á móti.

Kynbótanefnd lagði fram þingskjal nr. 27. Var það samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 27.

"48. ársþing L.H. haldið að Egilsstöðum 24. og 25. okt. 1997 *beinir þeim eindregnu tilmælum til Fagráðs BÍ að dómeftnd kynbótahrossa verði skipuð þremur dómurum.*"

Ingimar skýrði frá umræðum um ræktunarmál en fram kom í nefndinni að verðlagning hrossa til útflutnings væri alltof lágt miðað við verð erlendis.

Fræðslunefnd.

Pétur Behrens var framsögumaður nefndarinnar en þingskjali nr. 6 var vísað til hennar.

Þingskjal nr. 21 sem var nýtt þingskjal frá nefndinni.

Flytjandi: Fræðslunefnd
Framsögumaður: Pétur Behrens

48. ársþing L.H. haldið að Egilsstöðum 24. og 25. okt. 1997 *samþykkir að ráðinn verði verkstjóri að kennsluefni um almenna reiðmennsku sem unnið hefur verið að undanfarin ár. Stjórn L.H. útbýr starfslýsingu. Ritstjóri ber ábyrgð á verklokinu 1. okt. 1998.*

Greinargerð:

Vinnsla umrædds verks hefur dregist úr hömlu og virðist fyrirsjáanlegt að því verði ekki lokið nema undir öruggri verkstjórn.

Umræður um þingskjal nr. 21.

Jón Albert Sigurbjörnsson taldi þetta þarft verk, en efaðist um að þetta væri á fjárhagsáætlun og því ekki tímabært að ráðast í verkið.

Þorvaldur Ágústsson taldi að menn væru komnir í verkið og þeir gætu svarað hvernig gengi.

Pétur svaraði að ekki hefði verið sett fé í verkið og væri verkið stutt komið og bað um að fá að draga tillöguna til baka og breyta henni og var það samþykkt.

Pétur Behrens kom aftur með þingskjal 21 til meðferðar og vildi leggja það fram óbreytt þar sem Fræðslunefnd samþykkti ekki að breyta henni, en breyta einu orði að verkstjóri kæmi í stað ritstjóra.

Rafn Jónsson lagði til að fulltrúar samþykktu þetta, því þetta yrði sjálfbært.

Birgir Sigurjónsson formaður taldi ekki hægt að samþykkja tillöguna vegna þess að ekki væru til peningar í verkið.

Sigurbjörn Bárðarson skýrði hvernig unnið hafði verið að þessu verkefni, en fjögurra manna hópur vann að því, Sigurbjörn, Reynir Aðalsteinsson, Eyjólfur Ísólfsen og Benedikt Þorbjörnsson.

Haraldur Haraldsson kvaddi sér hljóðs og taldi að ekki þýddi að samþykkja tillögu öðruvísi en að peningar og fjárhagsáætlun lægi fyrir.

Þingskjal nr. 21 borið upp og voru 11 meðmæltir og 38 á móti og var tillagan því felld.

Þingskjal nr. 22 var lagt fram af nefndinni og hljóðaði svo:

48. ársþing L.H. haldið að Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 *ályktar að sameinuð samtök hestamanna beiti sér fyrir stofnun hestaþróttaskóla í samvinnu við æskulýðsnefndir sveitarfélaga.*

Greinargerð:

Flestar greinar íþrótta reka innan sinna vébanda íþróttaskóla eða skipulagða íþróttastarfsemi fyrir börn og unglinga. Við stofnun hestaíþróttaskóla gefst börnum og unglingum kostur á að kynnst íslenska hestinum og læra grundvallaratriði reiðmennskunnar. Sumarreiðskólar eru nú þegar vísir að slíkri starfsemi.

Ragnheiður Þorgrímsdóttir lýsti ánægju sinni með veru sína í fræðslunefnd og lagði til að tillagan yrði samþykkt því hestaíþróttaskólar væru af hinu góða og myndu bæta umgengni við hestinn og um leið ímynd hestamennskunnar þegar börnin skiluðu sér í hestamenskuna.

Sveinbjörn Eyjólfsson las úr lögum L.H., 9. Grein þar sem lýst er meðferð mála og kynningu þeirra með tilskyldum tímamörkum hjá aðildarfélögum og lagði hann til að þessu máli yrði vísað til nánari skoðunar.

Kári Arnórsson tók einnig til máls um þingsköp.

Fyrirspurnir og umræður komu úr sal og var því umræðum fram haldið.

Páll Dagbjartsson taldi tillöguna brot á þingsköpum og tillagan ekki tímabær fyrr en væri búið að sameina L.H. og H.Í.S. Því bæri að geyma hana.

Ingimar Sveinsson taldi alltaf hafa tíðkast að mál væru tekin til afgeiðslu á þingum L.H. án undangenginnar kynningar og lagði til að tillagan yrði samþykkt, en breyta mætti "sameinuð samtök hestamanna" í L.H.

Kristmundur Halldórsson taldi að ekki væri óeðlilegt að nefnd legði fram tillögu þó ekki hefði hún verið kynnt fyrir þing, en taldi tillöguna ekki nógu vel orðaða en hún væri góðra gjalda verð.

Rafn Jónsson tók undir orð Ingimars, en sagði að mörg hestamannafélög rækju öflugt æskulýðsstarf, oft í samvinnu við sveitarfélög o.fl. aðila. Hann taldi að hestaíþróttaskóli mundi efla áhuga ungs fólks á hestaíþróttum.

Fundarstjóri fékk samþykki nefndarinnar til að breyta tillögunni þannig að í stað "sameinuð samtök hestamanna" komi L.H.

Breytt þingskjal nr. 22.

Flytjandi	Fræðslunefnd
Framsögumaður:	Pétur Behrens

48. ársþing L.H. haldið að Egilsstöðum 24. Og 25. Okt 1997 **ályktar að L.H. beiti sér fyrir stofnun hestaíþróttaskóla í samvinnu við æskulýðsnefndir sveitarfélaga.**

Greinargerð:

Flestar greinar íþrótta reka innan sinna vébanda íþróttaskóla eða skipulagða íþróttastarfsemi fyrir börn og unglinga. Við stofnun hestaíþróttaskóla gefst börnum og unglingum kostur á að kynnst íslenska hestinum og læra grundvallaratriði reiðmennskunnar. Sumarreiðskólar eru nú þegar vísir að slíkri starfsemi.

Samþykkt með þorra atkvæða gegn 3.

Ekki var gengið frá öllum skjölum frá fræðslunefnd og ákveðið að geyma það til laugardags og var nú tekin fyrir afgreiðsla mótanefndar.

Mótanefnd.

Framsögumaður Reynir Hjartarson.

Til nefndarinnar var vísað einu þingskjali, nr. 19.

Breytingartillaga við þingskjal nr. 19. Enginn kvaddi sér hljóðs í umræðu um fyrri hluta hennar og var hún samþykkt samhljóða.

Umræður um síðari hluta hennar.

Sigfús Helgason taldi tillöguna villandi og vitnaði í lög og reglur L.H. og útskýrði reglurnar betur og taldi sig samt geta samþykkt þetta.

Reynir Hjartarson taldi engum ræktanda vorkunn að borga skráningargjald eða sýnenda enda væri þetta góð auglýsing og ætti verðið að vera 100 - 200.000.

Gunnar Maggi Arnason mælti með tillögunni vegna fjárhagsáhættu sem mótshaldarar bera.

Þorvaldur Ágústsson taldi kostnað nógan fyrir og væri ekki hægt að seilast í vasa bænda og upphæðina sem Reynir nefndi allt of háa.

Að umræðunum loknum var seinni hluti tillögunnar borinn undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Breytingartillaga við þingskjal nr. 19

Nefnd:

Mótanefnd

Framsögumaður:

Reynir Hjartarson

48. ársþing L.H. haldið á Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 samþykkir eftirfarandi breytingar á reglum um framkvæmd lands og fjórðungsmóta.

Reglur um framkvæmd lands og fjórðungsmóta. 1. gr.

Á eftir fyrstu málsgrein sem endar á "að fjórum árum liðnum" kemur eftirfarandi:

Vesturland og Austurland hafa heimild til að halda fjórðungsmót árin á milli landsmóta, til skiptis eftir nánara samkomulagi við stjórn L.H.

Einnig kemur viðbót við 5. gr. reglna um framkvæmd lands og fjórðungsmóta sem yrði liður f).

5. gr.

f) Upphæð skráningargjalda.

Greinargerð:

Skráningargjöld hafa til þessa verið ákveðin af framkvæmdanefndum fjórðungs- og landsmóta. Æskilegt má telja að ef skráningargjöld eru innheimt skuli það samstarfsverkefni ofangreindra aðila. Sjá 5. gr. reglugerðarinnar.

Kl. 19:30 lauk þingfundi og afgreiðslu annara mála frestað til morgunfundar á laugardag.

Laugardaginn 25. október hófst þingfundur kl. 9:00

Fundarstjóri bað þingfulltrúa að rísa úr sætum og syngja "Hvað er svo glatt" og var góð þátttaka í þessum dagskrárlið.

Síðan var tekið fyrir álit fræðslunefndar þar sem frá var horfið á föstudeginum.

Fræðslunefnd.

Framsögumaður var: Pétur Behrens.

Breytingartillaga við þingskjal nr. 6

Þormar Ingimarsson talaði um tillöguna og skýrði frá störfum nefndar innan Dómarafélags L.H. sem var mótfallin þessari tillögu.

Einar Ragnarsson taldi að Hólaskóli hefði ekki staðið nógu vel að þessu máli og Dómarafélagið ætti að sjá um menntun dómara.

Lagði fram frávísunartillögu sem var samþykkt mótatkvæðalaust.

Breytingartillaga við þingskjal nr. 6

Nefnd: Fræðslunefnd
Framsögumaður: Pétur Behrens

48. ársþing L.H. haldið á Egilsstöðum 24. og 25. okt. 1997 samþykkir að stjórn L.H. í samvinnu við Dómarafélagið taki upp viðræður við Bændaskóla um framkvæmd námskeiða fyrir gæðingadómara og jafnframt að útskrifa nýja dómara í nánú samstarfi við L.H. og DFLH.

Greinargerð:

Með þessari tillögu er gerð tilraun til að koma á ákveðinni festu í menntunarmálum dómara og tryggja þeim aðstöðu og fjármagn. Gert er ráð fyrir að öll framkvæmd í menntun og útskrift nýrra dómara verði samstarfsverkefni L.H., DFLH og Bændaskóla. Með því að færa námskeiðin inn í Bændaskóla eru líkur á að framkvæmd verði markvissari og betra samband skapist við aðra þætti í menntunarmálum hestamanna. Þótt markmið sé að gera menntun hestamanna heilsteypari hvetur nefndin til þess að boðið verði framvegis sem hingað til á námskeið heima í héraði í samráði við Bændaskólana.

Nýtt þingskjal nr. 23 kom frá fræðslunefnd og var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þingskjal nr. 23.

Flytjandi: Fræðslunefnd
Framsögumaður: Pétur Behrens

48. ársþing L.H. haldið að Egilsstöðum 24. og 25. okt. 1997 *beitir sér fyrir myndbandsgerð um hesta og akandi umferð.*

Greinargerð:

Í haust hafa orðið aftur mörg slys á hestum og mönnum og er brýnt að fræða bæði hestamenn og ökumenn um hvernig megstu stuðla að farsælla samspili þessara ólíku aðila og forðast slys.

Var þá lokið afgreiðslu fræðslunefndar.

Keppnisnefnd.

Framsögumaður: Gísli Haraldsson.

Vísað var til nefndarinnar þingskjölum 10, 11 og 13 - 18.

Þingskjal nr. 10.

Nefndin leggur til að vísa málinu til millipinganeftdar. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr.: 10

48. ársþing L.H. haldið að Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 samþykkir breytingar á 10. gr. gæðingakeppni um dómara og dómstörf.

Breyting við 10. gr. um dómara:

2. málsgrein orðist svo.

Dómnefnd skal skipuð 3 dómurum auk hins 4 sem stjórnar keppni og eins varadómara.

Heimilt er að færri dómaraar dæmi á innanfélagsmótum.

Hverjum dómara skal vera ritari til aðstoðar.

Framangreindir menn skulu valdir af eftirtöldum aðilum.

1. **Á landsmóti af stjórn L.H. Samanber reglur um framkvæmd lands- og fjórðungsmóta, gr. 6.**
2. **Á fjórðungsmótum og öðrum sambærilegum stórmótum af viðkomandi mótanefnd.**
3. **Á innanfélagsmótum af mótanefnd eða félagsstjórn.**

Greinargerð:

Við lauslega athugun á dómum á stórmótum hefur komið í ljós að ekki er verulegur munur á einkunnagjöf dómara þegar á heildina er lítið.

Því má ætla að fækkun dómara úr fimm í þrjá skipti ekki verulegu máli hvað varðar endanlega dóma. Einnig má benda á þá hagræðingu sem felst í þessari breytingu.

Þingskjal nr. 18.

Nefndin leggur til að vísa því til millipinganefndar.

Sigfús Helgason lýsti vonbrigðum með afgreiðsluna. Taldi kostnað við mótshald of háan og gæti þessi tillaga lækkað kostnað við mótshald.

Samþykkt að vísa henni til millipinganefndar með þorra atkvæða gegn 2.

Þingskjal nr.: 18

Tillaga að breytingum á reglum um gæðingakeppni.

48. ársþing L.H. haldið á Egilsstöðum 24. og 25. okt. 1997 **samþykkir að 3 dómaraar dæmi á lands og fjórðungsmótum í stað 5 eins og nú er. Þetta á við A og B flokk gæðinga, barna, unglinga og ungmennaflokk. Heimilt er að fjölga dómurum úr þremur í fimm í einstökum flokkum telji framkvæmdanefnd viðkomandi móts það nauðsynlegt.**

Greinargerð:

Kostnaður við stórmótahald vex sífelld þ.á.m. kostnaður við dómstörf. Því er þessi tillaga flutt á þessu þingi, að lækka megi þennan kostnaðarlið nokkuð á lands og fjórðungsmótum. Í núverandi reglum er gert ráð fyrir 5 dómurum í öllum flokkum.

Breyting kom við **þingskjal nr. 11.**

Jón Ólafur Sigfússon kvaddi sér hljóðs og ávítaði fundarstjóra fyrir flýti, ekkert lægi á. Lagði til að breytingartillaga við þingskjal 11 yrði felld og taldi fá félög eiga startbása og lagði til að henni yrði vísað frá.

Jón Albert Sigurbjörnsson lagði til að menn kæmu sér upp startbásunum. Allavega á stærri mótum t.d. fjórðungsmótum og landsmótum.

Erling Sigurðsson taldi varhugavert að hafa fljótandi start og því nauðsynlegt að hafa rásbása og nauðsyn að hestamenn tileinkuðu sér nýjungar og "kæmu sér út úr torfkofunum".

Samþykkt með þorra atkvæða gegn 6.

Breytingartillaga við þingskjal nr. 11

Nefnd:

Keppnisnefnd

Framsögumaður: Gísli Haraldsson

48. ársþing L.H. haldið á Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 **samþykkir að rásbásar verði notaðir í öllum greinum kappreiða á landsmótum og fjórðungsmótum.**

Ályktun við þingskjals nr. 13.

Erling Sigurðsson fagnaði tillögunni og skýrði frá verðlaunaafhendingu á kappreiðum á Kaldármelum, þar sem þrír fengu verðlaunapening en menn í 4. og 5. sæti fengu þúsundkall.

Samþykkt samhljóða.

Ályktun vegna þingskjals nr. 13.

Nefnd: Keppnisnefnd.
Framsögumaður: Gísli Haraldsson

Niðurstaða nefndarinnar var að hún telur að ákvæði um veitingu verðlauna sé nógu skýr í gildandi reglum en til áréttingar leggur hún fram eftirfarandi ályktun:

48. ársþing L.H. haldið á Egilsstöðum 24. og 25. okt. 1997 **samþykkir að beina því til framkvæmdaraðila móta að fylgja lögum og reglum L.H. um framkvæmd keppna og veitingu verðlauna.**

Breytingartillaga við þingskjal nr. 14
Samþykkt samhljóða.

Breytingartillaga við þingskjal nr. 14.

Nefnd: Keppnisnefnd
Framsögumaður: Gísli Haraldsson.

48. ársþing L.H. haldið á Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 samþykkir eftirfarandi breytingar á úrslitakeppni - barnaflokkur:

Úrslitakeppni - barnaflokkur:

Síðasta málsgrein í þeim flokki er eftirfarandi:

"Knapar safnist saman á skammhlið og komi sér saman um í samráði við stjórnanda í hvaða átt skal ríða;" **breytist og verður eftirfarandi:**

Knapar safnist saman eftir fyrirmælum stjórnanda og komi sér saman um í samráði við hann í hvaða átt skal ríða.

Greinargerð:

Vegna reynslu fyrri ára þegar hestur kemur á stökki á skammhlið þá geta skapast árekstrar og slysaætta. Hestur og barn hafa skammhlið til að hægja niður eins og í forkeppni og hefur það gefist vel í sumar þar sem það var prófað.

Þingskjal nr. 16. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr.: 16

48. ársþing L.H. haldið á Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 samþykkir breytingar á reglugerð; ***“Um dómara og dómstörf II. kafli 2.1.3”***.

Lagt er til að inn í grein 13. bætist við: (breyting undirstrikuð)

...Sýnanda er frjálst í hvaða röð hann sýnir þau atriði sem dæma skal. ***Keppni skal hefjast á miðri skammhlið.*** Noti sýnandi.....

Greinargerð:

Yfirgnæfandi fjöldi keppenda hefur keppni á skammhlið eins og áður var í reglum. Er þá verið að tala um prósentuhlutfallið 90-95%. Það er ákveðið stílbrot á keppni þegar fáir knapar hefja keppni á fleiri en einum stað. Þetta hefur gert dómurum og sérstaklega stjórnanda erfitt fyrir og kallar nánast á aukastarfsmann við að skrá upphafspunkt hvers keppanda og teikna upp sýninguna.

Þingskjal nr. 17.

Lagt til að vísa því til millipinganefndar. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr.: 17

Flytjandi: Dómarafélag L.H.

Framsögumaður:

Nefnd: Keppnisnefnd

48. ársþing L.H. haldið á Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 samþykkir breytingar á reglugerð; ***“Um dómara og dómstörf II. kafli 2.1.3.”***

Lagt er til að inn í grein 15 bætist við: (breyting undirstrikuð)

.... Aðra langhliðina verður að vera unnt að opna þannig að færi gefist á a.m.k. 175 metra langri beinni braut ***fyrir skeiðsýningu A-flokks gæðinga og ungmennaflokks.***

Greinargerð:

Keppnisvöllur gæðingakeppninnar er hinn lögboðni 300 metra hringvöllur, en þó er gerð undantekning við keppni í skeiði! Eftirfarandi er texti samþykktur af landsdómurum frá Hólaráðstefnu 1994 varðandi þetta atriði:

“Gæðingum í A-flokki er heimilt að fara út af merktri braut, hæfilegan hring þegar sýna á skeið, til að leiða hestinn á rétt stökk áður en hann tekur skeiðið. Miðað er við skábraut eða hliðstæðar brautir. Þetta minnkar hættu á kýrstökki og misheppnuðu skeiði. Hesturinn haldi fullur hraða á skeiði að enda hringvallar. Þetta gildir ekki í unglingakeppni, yngri flokki barna né B-flokki”.

Þingskjal nr. 24. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 24.

Flytjandi: Keppnisnefnd

Framsögumaður: Gisli Haraldsson

48. ársþing L.H. haldið að Egilsstöðum 24. og 25. okt. 1997 ***samþykkir að úr reglugerð um barna, unglinga og ungmennakeppni (3.1.2.) varðandi ungmennaflokk falli niður brokk eða skeið.***

Greinargerð:

Þessi breyting er gerð til að samræma forkeppni og sérstaka forkeppni.

Þingskjal nr. 25. Samþykkt með þorra atkvæða gegn 11.

Þingskjal nr. 25

Flytjandi: Keppnisnefnd
Framsögumaður: Gísli Haraldsson

48. ársþing L.H. haldið að Egilsstöðum 24. og 25. okt. 1997 samþykkir eftirfarandi breytingu varðandi sérstaka forkeppni gr. 6.0.2. lið 8 varðandi forkeppni í A-flokki gæðinga:

Greinin orðist svo:

Tveir hringir tölt x 2

Tveir hringir brokk frjáls hraði.

Ein umferð skeið einn og einn í einu.

Vilji x 2, fegurð í reið x 2

Deilitala fyrir dómara er 9

Æskulýðsnefnd.

Framsögumaður: Ragnheiður Júlíusdóttir.

Það lá engin tillaga fyrir nefndinni en hún fundaði með keppnisnefnd um tillögur sem komu frá æskulýðsnefnd L.H. og HÍS.

Töluverð umræða var um æskulýðsmál almennt og skýrðu nefndarmenn frá starfi í sínu félagi.

Ályktun kom frá æskulýðsnefnd svohljóðandi:

Æskulýðsnefnd L.H. og HÍS skal halda ótrauð áfram sinni vinnu. Ljóst þykir að félögin óska eftir samstarfi við nefndina og æskulýðsfulltrúa samtakanna um fróðleik og fræðslu, þar á meðal ráðstefnuhald æskulýðsfulltrúa félaganna þar sem vettvangur er til uppbyggingar æskulýðsstarfs heima í héraði.

Samþykkt samhljóða.

Breytingartillaga kom við þingskjal nr. 15.

Gísli Haraldsson lagði til að hún yrði felld samkvæmt úrskurði keppnisnefndar.

Rósmarie Þorleifsdóttir þótti miður að nefndin skyldi leggja til að tillagan yrði felld og óskaði eftir að tillagan væri rædd.

Sigurbjörn Bárðarson taldi það vantraust á dómara og lagði síðan fram málamiðlunartillögu um að þar sem 5 dómaraar dæmdu væri hæsti og lægsti dómur strokaður úr. Ekki greidd atkvæði um tillöguna. Vísað frá.

Haraldur Haraldsson taldi það eðlilegt siðferði að dómaraar víkji sjálfir úr starfi ef þeir teldu sig vilhalla keppanda.

Sigrún Sigurðardóttir sagði að dómaraafélagið hefði sínar siðareglur og dómaraar víkja úr dómi ef nánir ættingjar eiga í hlut.

Jón Albert Sigurbjörnsson taldi tillöguna makalaus og taldi að vísa ætti henni frá.

Rósmarie taldi misskilnings gæta í þessari umræðu. Hún taldi að á síðasta ári hefðu dómaraar ekki vikið úr sæti í slíku tilfelli.

Einar Ragnarsson vildi leiðrétta rangfærslur í málflutningi og hvatti til að dómaraar fengju frið í störfum eftirleiðis.

Tillögunni vísað frá en hún hljóðaði svo:

Breytingartillaga við þingskjal nr. 15

Flytjandi: Æskulýðsnefnd
 Framsögumaður: Ragnheiður Júlíusdóttir
 48. ársþing L.H. haldið á Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 samþykkir eftirfarandi breytingar á 11. gr. gæðingakeppni um dómara og dómstörf.

Á eftir setningunni; "Eigi dómari hesta í keppni á innanfélagsmóti vikur hann úr dómnefnd á meðan hestur hans er dæmdur" komi; **"Dómari má ekki eiga hest, maka eða barn í keppni á lands eða fjórðungsmóti í þeim flokki sem hann dæmir.**

Allsherjarnefnd.

Framsögumaður var Hallgrímur Jónasson.
 Fyrir nefndina voru lögð þingskjöl nr. 12 og 20.

Nýtt þingskjal frá nefndinni nr. 28. Samþykkt með þorra atkvæða gegn 6.

Flytjandi: Allsherjarnefnd
 Framsögumaður: Hallgrímur Jónasson

Nýtt þingskjal nr. 28 (í stað þingskjals 20)

48. ársþing L.H. haldið að Egilsstöðum 24. Og 25. Okt. 1997 **fagnar áformum um stofnun landsmótasjóðs sem hafi það hlutverk að vera lána og/eða ábyrgðarsjóður sem framkvæmdaaðilar landsmóta geta leitað til við undirbúning þeirra. Þingið beinir því til stjórnar L.H. að vinna áfram að framgangi þessa máls. Jafnframt samþykkir þingið að framlög til sjóðsins af hálfu L.H. geti verið í formi prósentu af skráningargjöldum hesta á landsmótum eða innkomu aðgangseyris.**

Þingskjal nr. 12. Samþykkt samhljóða og er það eftirfarandi:

Þingskjal nr.: 12

48. ársþing L.H. haldið á Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 samþykkir að stefnt skuli að því að hringvellir verði með beygjum eins og samþykkt var á 32. ársþingi L.H. og að heimilt skuli að gæðingakeppni og unglingakeppni fari fram á 250 m hringvelli.

15. gr. reglugerðar um gæðingakeppni verði því svohljóðandi:

Æskilegt er að gæðingakeppni fari fram á 300m hringvelli skv. meðfylgjandi uppdrætti en jafnframt sé heimilt að keppa á hringvöllum allt niður í 250 m að stærð með a.m.k. 4 m breiðri braut. Slíkir vellir séu með beinum brautum út úr hringnum þannig að hægt sé að sína skeið á a.m.k. 175 m beinni braut. Hringvöllinn skal eigi afmarka meira en nauðsyn krefur.

Sjá greinargerð með þessu þingskjali hér framar í þinggerðinni.

Laganefnd.

Framsögumaður: Sveinbjörn Sveinbjörnsson
 Fyrir nefndinni lágu þingskjöl nr. 4 og 5.

Þingskjal nr. 4. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr.: 4

Flytjandi: Dómarafélag L.H.
Nefnd: Laganefnd

48. ársþing L.H. haldið á Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 samþykkir breytingar á reglugerð um félagsaðild í hestamannafélögum 5.7.l.

Lagt er til að inn í 3. grein bætist við:

... Hestur getur aðeins keppt fyrir eitt félag hvert keppnistímabil sem er almanaksárið. Undantekning frá þessu er ef um firmakeppni, opið gæðingamót eða aðrar sýningar í fjáröflunarskygni er að ræða.

Breyting er undirstrikuð.

Greinargerð:

Opnum mótum fjölgar jafnt og þétt sem er af hinu góða og er rétt að það sé opið öllum án allra hindrana.

Þingskjal nr. 5. Sjá þingskjalið hér aftar.

Umræður.

Kári Arnórsson taldi enga ástæðu fyrir fólk sem vill njóta samvista við íslenska hestinn þurfa að sameinast Í.S.Í. Taldi að ekki liði langur tími þar til komið væri fyrir hestamennsku eins og almenningsíþróttum og gerði að tillögu að lög L.H. yrðu óbreytt.

Kári flutti eftirfarandi kveðju frá **Jóni bónda Sigurðssyni í Skollagróf** en Jón hefur setið yfir þrjátíu ársþing en gat ekki komið því við að þessu sinni enda farinn að reskjast nokkuð. Jafnan hefur Jón skemmt þingfulltrúum með því að skjóta fram vísum sem oftast en ekki hafa hitt vel í mark og vakið skemmtan. Að þessu sinni varð honum að yrkisefni það ástand sem verið hefur hvað snertir "sameiningarmálin" og þá ekki síst þær hugmyndir að leggja L.H. niður. Nú væri hins vegar ákveðið að L.H. gengi í heilu lagi í ÍSÍ og yrði þar í "gjörgæslu" ef að þrengdi. Þessa lífgjöf eins og Jón orðar það vill hann þakka með eftirfarandi vísu:

*Þennan greiða þakka ber
þessu gæða liði.
Sinnaskiptin sýnist mér
sögð með hálfum friði.*

Þegar rætt var um það á ársinginu 1996 að leggja L.H. niður var talað um að allt færðist sjálfkrafa yfir á íþróttasviðið. Ræktunin átti að færast þangað líka því hún væri ekki síður íþrótt en hvað annað. Þetta þótti Jóni nokkuð langsótt og undir ræðu þess eldhuga sem þessu hélt fram, orti Jón:

*Fram skal draga forrit ný,
þótt forna hugsun þreyti,
ef fyljunarstefna frá ÍSÍ
er á næsta leiði.*

Bragi Ásgeirsson sagði frá því að fyrsta íþróttadeildin hefði verið stofnuð 1976 og þeir teldu sig vera betur stadda í hópi Í.S.Í.

Hann telur að nú séu hestamenn að sameinast á ný. Óttast að ef af sameiningu verður ekki þá klofni hestamenn. Að þeir sem hafi meiri áhuga á íþróttum fari í aðra

átt. Sparnaður í skrifstofuhaldi. Sagði að L.H. hefði verið stofnað til að sameina hestamenn í landinu.

Sigbjörn Björnsson þakkaði Sveinbirni Sveinbjörnssyni góð störf í sameiningarnefndinni og þakkaði nefndinni allri fyrir sín störf.

Hann taldi samtökum hestamanna fyrir bestu að starfa í einum samtökum og fagnaði því jafnframt að L.H. væri ekki lagt niður og lagði til að þessi lagabreyting yrði samþykkt.

Gunnar Maggi Árnason er á móti sameiningu. Telur L.H. vel rekið fyrirtæki en ef af sameiningu verður breytast áherslur og mótahald verður erfiðara og minna um sjálfbæðavinnu en áður. Dómarar taka mikla peninga fyrir sína vinnu. Búið að snúa rekstri Skógarhóla í plús.

Erling Sigurðsson var andvígur sameiningu áður, en kvaðst vera kominn á þá skoðun að sameining væri hestamönnum til heilla.

Ingimar Sveinsson var neikvæður en heldur að ef við sameinum ekki klofni hestamenn og að unga fólkið hverfi á braut. Spurðist fyrir um útgönguleið úr Í.S.Í ef okkur líkaði ekki þar.

Jón Albert Sigurbjörnsson sagðist alltaf hafa verið stuðningsmaður sameiningar, kvaðst vilja ein samtök sem ynnu að hagsmunum allra hestamanna.

Páll Dagbjartsson svaraði spurningu L.H. Við getum gengið úr Í.S.Í. þegar við óskum sjálf. Bætti við að hann hefði farið í hring, telur að best sé að sameinast.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson kvaðst virða skoðanir þeirra sem ekki vildu vera innan vébanda Í.S.Í. En hann sagðist ekki síður virða þá sem verið hafa harðir á móti sameiningu en lýstu nú yfir stuðningi við málið til að efla samstöðuna meðal hestamanna. Hann kvaðst vonast til að þessi sameining yrði samþykkt á þinginu.

Halldór Guðmundsson var efins um sameiningu, er orðinn jákvæður. Stjórnin verður að beita sér vel fyrir góðum vinnureglum. Hafa mjög góða samvinnu við Bændasamtökin um kynbótasýningar því það vill fólkið sjá. Leggur til að verði sameinað.

Birgir Sigurjónsson taldi sameininguna til heilla fyrir alla hestamenn og til bóta fyrir samtökin bæði félagslega og fjárhagslega.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs og var gengið til atkvæða um lagabreytingarnar í heild.

Já sögðu 104

Nei sögðu 3

Þingheimur reis úr sætum og fagnaði þessari niðurstöðu með lófataki.

Þingskjal nr.: 5

Flytjandi:

Sameiningarnefnd L.H. og HÍS

Framsögumaður:

Sveinbjörn Sveinbjörnsson

48. ársþing L.H. haldið að Egilsstöðum 24. og 25. október 1997 samþykkir breytingar á lögum L.H. samkvæmt meðfylgjandi tillögu um lagabreytingar.

LÖG

LANDSSAMBANDS HESTAMANNAFÉLAGA (LH)

I. kafli. Skipulag.

1. gr.

Nafn-heimili-aðild.

- Samtökin heita LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA skammstafað LH. Þau eru æðsti aðili innan Íþróttasambands Íslands (ÍSí) um alla þætti hestaíþróttar og málefni þeim tengdum.

- Heimili og varnarþing samtakanna er í Reykjavík.
- Öll félög innan ÍSÍ sem leggja stund á hestaíþróttir, þ.e. hestamannafélög eru aðilar að L.H, með aðild að hlutaðeigandi héraðssambandi /íþróttabandalagi.

2. gr.

Tilgangur og markmið.

- Auk hefðbundinnar keppni, æfinga og þjálfunar til líkamlegrar heilsuræktar, samanber lög ÍSÍ, er það í verkahring LH að sinna hagsmunamálum sem tengjast hestaíþróttum svo sem á sviði ræktunarmála, tamninga, samgöngu- og ferðamála, landnýtinga- og umhverfismála.
- Önnur markmið eru m.a.
Að hafa yfirstjórn og vinna að eflingu hestamennsku m.a. með fræðslu, útbreiðslu- og kynningarstarfsemi.
Að vera málsvari hestamanna jafnt innanlands sem erlendis.
Að eiga samstarf við önnur samtök er sinna hagsmunamálum hestamanna, svo sem á sviði ræktunarmála, tamninga, samgöngumála, ferðamála, landnýtingar og umhverfismála á vegum ríkis og sveitarfélaga.
Að koma fram gagnvart opinberum aðilum.
- Nánari skilgreining um tilgang og markmið verði sett í reglugerðum er hljóta staðfestingu landsþings.

II. kafli. Stjórnun.

3. gr.

Stjórnunaraðilar.

Málefnum LANDSSAMBANDS HESTAMANNAFÉLAGA er stjórnað af:

- Landsþingi LH
- Stjórn LH

4. gr.

Landsþing.

- Landsþing fer með æðsta vald í málefnum LH. Þingið sitja fulltrúar frá hestamannafélögum í landinu.
- Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir félagatölu hvers hestamannafélags sem hér segir: Félög með færri en 75 félagsmenn fá einn fulltrúa, félög með 76-150 félagsmenn fá tvo fulltrúa, félög með 151-225 félagsmenn fá þrjá fulltrúa o.s.frv. Aðeins sá sem er í hestamannafélagi er kjörgengur fulltrúi viðkomandi sérráðs eða héraðssambands á Landsþingi LH. Það er jafnframt skilyrði fyrir kjörgengi að viðkomandi hestamannafélag sé í skilum með gjöld til LH.
- Þingið skal háð hvert ár í október/nóvembermánuði. Skal boða það bréflaga með minnst 8 vikna fyrirvara.
- Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn LH minnst 4 vikum fyrir þingið. Þá skal stjórn LH tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa í síðasta lagi 14 dögum fyrir þingið.

- Landsþing er lögmaett ef löglega hefur verið til þess boðað.

5. gr.

Atkvæðisréttur á landsþingi.

- Á landsþinginu hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt. Hver fulltrúi hefur aðeins eitt atkvæði. Þegar langt eða dýrt er að sækja þingið eða annar fulltrúi veikist eða forfallast á síðustu stundu frá að sækja þingið, má heimila að fulltrúi fari með fleiri en eitt atkvæði, en aðeins með atkvæði þess félags sem hann er fulltrúi fyrir. Þó gildir þessi undanþága ekki um fulltrúa þeirra félaga, sem eiga heima þar sem þingið er háð. Umboðið, sem jafnframt er beiðni til þingsins um að fulltrúi megi fara með fleiri en eitt atkvæði, verður að vera skriflegt og vera frá stjórn hlutaðeigandi sambandsaðila. Enginn fulltrúi getur farið með fleiri en tvö atkvæði. Auk kjörinna fulltrúa eiga rétt á þingsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt:

- a Stjórn LH, varastjórn, framkvæmdastjóri, endurskoðandi og skoðunarmenn.
- b Forseti og framkvæmdastjórn ÍSí.
- c Formenn héraðssambanda/Íþróttabandalaga.
- d Formenn nefnda LH.
- e Fagrað í hrossarækt.
- f Fulltrúi félags hrossabænda.
- g Íþróttafulltrúi ríkisins.

- Auk þess getur stjórn LH boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.

6. gr

Dagskrá landsþings.

- a Þingsetning.
- b Kosinn þingforseti, varapingforseti, þingritari og varapingritari.
- c Kjör þingnefnda:
 1. Kjörbréfanefnd (þrír menn).
 2. Fjárhagsnefnd (fimm menn).
 3. Keppnisnefnd (fimm menn).
 4. Allsherjarnefnd (fimm menn).
 5. Æskulýðsnefnd (fimm menn).
 6. Fræðslu og útgáfunefnd (fimm menn).
 7. Kynbótanefnd (fimm menn).
 8. Ferða-og umhverfisnefnd (fimm menn).
 9. Aðrar nefndir skv. ákvörðun þingsins.

Fulltrúum er skylt að starfa með nefndum skv. nánari ákvörðun þingsins.
- d Lögð fram skýrsla stjórnar.
- e Lagðir fram reikningar sambandsins til samþykktar. Skulu reikningarnir settir upp og endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og áritaðir af skoðunarmönnum. Þá skal ársþingi gerð grein fyrir rekstri fyrstu 8 - 9 mánuði ársins, sem er að líða.
- f Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun til tveggja ára.
- g Lagðar fram tillögur og mál sem borist hafa og lögð verða fyrir þingið.
- h Landsþing taki ákvarðanir varðandi Íslandsmeistaramót og landsmót samkvæmt reglugerðum þar um.

Þinghlé.

i	Þingnefndir skila störfum, umræður og atkvæðagreiðsla.
j	Kosning stjórnar, varastjórnar og tveggja skoðunarmanna.
k	Kosnir fulltrúar á Íþróttaping ÍSí.
l	Kosnir þrír menn í dómstól LH og þrír til vara. Æskilegt er að einn dómenda sé löglærður.
m	Önnur mál.
n	Þingfundargerð lesin og staðfest, eða þingforseta og riturum falin frágangur hennar.
o	Þingslit.

- Fáir fleiri en þeir, sem kjósa á, jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti.
- Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingu sé að ræða; þá þarf 2/3 hluta atkvæða viðstaddra atkvæðisbærra fulltrúa. Þingið getur með 2/3 hluta atkvæða leyft að taka fyrir mál sem komið hafa fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum. Ársskýrslu LH, sem stjórnin skal leggja fjölritaða fyrir þingið svo og ágrip af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSí og sambandsaðilum LH innan tveggja mánaða frá þingslitum.

7. gr.

Aukaping.

- Aukaping skal halda þegar helmingur sambandsaðila óskar þess. Alla boðunar- og tilkynningarfresti til aukapings má hafa styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem hættur er í félaginu, fluttur úr héraðinu eða forfallast á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera breytingar á keppnisreglum og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt landsþing.

8. gr.

Stjórn.

- Stjórn LH fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga. Stjórnin skal skipuð sjö mönnum, formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og þremur meðstjórnendum. Kjörgengir í stjórn eru allir félagar í hestamannafélögum sem eru aðilar að L.H. Stjórnarkosning skal vera skrifleg og óbundin. Skal kjósa formann og varaformann sérstaklega en aðra stjórnarmenn skal kjósa sameiginlega. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil er til tveggja ára. Formaður og þrír stjórnarmenn skulu ganga úr stjórn í einu og á næsta þingi aftur. varaformaður og tveir stjórnarmenn. Í varastjórn skal árlega kjósa fimm og taka þeir sæti í aðalstjórn í samræmi við atkvæðahlutfall. Verði stjórnarmaður kosinn formaður eða varaformaður skal kjósa annan í hans stað. Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk. Sérstakan ráðningarsamning skal gera í hverju tilviki og skal hann ávallt vera tímabundinn.
- Reikningsár LH er almanaksárið. Formaður boðar stjórnarfundi og stýrir þeim. Skyld er að halda stjórnarfund ef þrír stjórnarmenn óska þess. Ef

aðalmaður getur ekki mætt skal kalla varamann í hans stað. Stjórnarfundur er lögmættur ef fjórir stjórnarmenn eru mættir, þar af formaður eða varaformaður.

9. gr. Starfssvið stjórnar.

Starfssvið stjórnar LH er meðal annars að:

- a Framkvæma ályktanir landsþingsins.
- b Sjá um að samdar séu leikreglur og reglugerðir.
- c Senda ÍSí lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
- d Senda aðildarfélögum fundargerðir stjórnar LH.
- e Lita eftir því að lög og reglugerðir LH séu haldin.
- f Staðfesta met.
- g Koma fram erlendis fyrir hönd hestaíþróttarinnar í landinu.
- h Skipa nefndir skv. 10. grein og hafa eftirlit með störfum þeirra.

10. gr. Stjórnskipaðar nefndir.

- Á fyrsta stjórnarfundum eftir landsþing skipar stjórnin í eftirfarandi fastanefndir, sem hver skal skipuð þremur mönnum. Hlutverk nefndanna er að vinna með stjórninni milli þinga að þeim málefnum sem hverri nefnd tilheyrir:

- a Landsliðsnefnd
- b Fjárfélagnefnd
- c Æskulýðsnefnd
- d Keppnisnefnd
- e Dómaranefnd
- f Fræðslunefnd
- g Aganefnd
- h Útbreiðslu og kynningarnefnd
- i Landnýtingar og umhverfisnefnd
- j Samgöngu og ferðamálanefnd.
- k Aðrar nefndir ef stjórnin telur þörf á.

- Auk framangreindra nefnda skipar stjórn LH kjörnefnd þriggja manna eigi síðar en 2 mánuðum fyrir landsþing hverju sinni. Kjörnefnd hefur það hlutverk að gera tillögur til landsþings um fulltrúa í sambandsstjórn og þingnefndir.
- Stjórn LH setur nefndum starfsreglur.

III. kafli. Fjármál.

11. gr.

a) Tekjur LH eru:

- 1) Fjárframlög frá ÍSí.
- 2) Árgjald fyrir hvern skráðan félagsmann í hestamannafélagi innan LH. Fjárhæð árgjaldsins skal ákveðin á hverju landsþingi en innheimta þess miðast við félagatal 1. janúar þess árs sem gjaldið er innheimt fyrir. Gjald dagar árgjalds skulu vera tveir, 15. júní og

15. ágúst ár hvert. Dráttarvextir skulu reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.
- 3) Fjárframlög opinberra aðila.
 - 4) Fjárframlög fyrirtækja, einstaklinga og stofnana.
 - 5) Aðrar tekjur.

b) Gjöld LH afmarkast af:

- 1) Fjárhagsáætlun.
- 2) Samþykktum stjórnar.

IV. kafli. Ýmislegt.

12. gr. Dómstóll.

- Dómstóll LH er kosinn á landsþingi. Hann skipa 3 aðalmenn og 3 varamenn. Dómstóllinn kys sér formann úr eigin röðum. Í dómstólnum má ekki eiga sæti nema einn fulltrúi frá sama félagi, hvorki sem aðal né varamaður. Dómstóllinn starfar samkvæmt dóms- og refsíákvæðum ÍSÍ.

13. gr. Aðgengi stjórnar að mótum og aðalfundum.

- Stjórn LH hefur frjálsan aðgang að öllum hestamannamótum og sýningum sem fram fara innan vébanda sambandsins. Einnig á hún rétt á að skipa einn fulltrúa á aðalfundi sérráða og héraðssambanda sem eru aðilar að sambandinu.

14. gr. Kjör heiðursfélaga.

- Heiðursfélag LH má stjórn kjósa ef hún er einhuga um það.

15. gr. Að leggja samtökin niður.

- Tillögur um að leggja LH niður má aðeins taka fyrir á lögmætu landsþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu þurfa minnst 3/4 viðstaddra atkvæðisbærra fulltrúa að greiða henni atkvæði. Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þinggerðinni og tillagan látn ganga til næsta reglulega þings. Verði tillagan samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja LH niður. Skal þá afhenda ÍSÍ eignir þess til varðveislu.

16. gr. Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi en jafnframt er nauðsynlegt að leggja þau fyrir framkvæmdastjórn ÍSÍ til staðfestingar, sbr. lög ÍSÍ.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. laga þessara skal fyrsta stjórn skipuð (ekki kjörin) til bráðabirgða þar til næsta ársþing LH verður haldið. Stjórnin skal skipuð sjö mönnum, formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og þremur meðstjórnendum. Formaður og varaformaður skulu skipaðir sérstaklega en aðrir stjórnarmenn sameiginlega. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Varastjórn skal skipuð fimm mönnum og taka þeir sæti í aðalstjórn skv. uppstillingu. Bráðabirgðastjórn þessi skal skipuð af stjórn LH og HÍS sameiginlega. Skipun bráðabirgðastjórnar skal tilkynnt á því landsþingi sem lög þessi eru samþykkt á.

Auk núverandi móta- og keppnisreglna LH skulu móta- og keppnisreglur í hestaþróttum fyrir HÍS gilda fyrir LH að teknu tilliti til þeirra breytinga sem breyting á lögum LH hefur í för með sér. Komi til álitamála vegna skörunar þessarar reglna fram að næsta ársþingi LH, sker stjórn LH úr þeim ágreiningi.

Samþykkt á Egilsstöðum 25. október 1997.

Fjárhagsnefnd.

Framsögumaður: Haukur G. Kristjánsson.

Til nefndarinnar var vísað þingskjal nr. 3 sem var fjárhagsáætlun L.H. en vegna samruna samtaka L.H. og HÍS féll það úr gildi og komu tvö ný þingskjöl frá fjárhagsnefnd nr. 29 og 30.

Þingskjal nr. 29 Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 29

Flytjandi: Fjárhagsnefnd
Framsögumaður: Haukur G Kristjánsson

48. ársþing L.H. haldið að Egilsstöðum 24. og 25. okt. 1997 **leggur til að árgjald fyrir fullorðna þ.e. 16 ára og eldri verði kr. 1000.- og fyrir yngri en 16 ára verði gjaldið 25% af gjaldi fullorðinna.**

Þingskjal nr. 30. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 30

Flytjandi: Fjárhagsnefnd
Framsögumaður: Haukur G Kristjánsson

48. ársþing L.H. haldið að Egilsstöðum 24. og 25. okt. 1997 **leggur til v. meðferðar á gerð fjárhagsáætlunar fyrir 1998 fyrir sameinuð samtök að núverandi gjaldkerum L.H. og HÍS verði falið að ganga frá fjárhagsáætlun á grundvelli fjárhagsáætlana beggja samtaka.**

Þá var aðeins eftir að kjósa í stjórn og lagði fundarstjóri til að þeim lið yrði frestað þar til að loknu H.Í.S. þingi sem hófst kl. 13:30 og var það samþykkt.

Fundi var fram haldið kl. 15:00.

Kosningar.

Tillaga lá fyrir um menn í dómstól L.H. Samþykkt samhljóða.

Dómstóll:

Aðalmenn: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Gusti.
Þór Sigþórsson, Fáki.
Einar Öder Magnússon, Sleipni.
Varamenn: Þórður Ólafsson, Fáki.
Jón Halldórsson, Faxe.
Sigurður Hansson, Andvara.

Kjori 7 fulltrúa á þing Í.S.Í. var samþykkt að vísa til stjórnar.
Þá var ný stjórn sameinaðra samtaka kynnt samkvæmt ákvæðum nýsamþykkttra laga, 16. gr. ákvæði til bráðabirgða.

Aðalmenn:

Birgir Sigurjónsson, Hafnarfirði.
Sigríður Sigþórsdóttir, Reykjavík.
Sigurgeir Bárðarson, Hvalsveili.
Halldór Gunnarsson, Akureyri.
Jón Albert Sigurbjörnsson, Reykjavík.
Sigrún Ólafsdóttir, Hallkelsstaðahlíð.
Bergur Jónsson, Hallormsstað.

Varamenn:

Sigurður Ragnarsson, Garðabæ
Sigfús Helgason, Akureyri.
Oddný Jónsdóttir, Kópavogi.
Sigurður Marínusson, Reykjavík
Haraldur Þórarinnsson, Laugardælum.

Þá tók **Birgir Sigurjónsson formaður L.H.** til máls og óskaði hestamönnum til hamingju með sameininguna. Þakkaði heimamönnum móttökurnar og starfsmönnum þingsins þeirra störf.

Næsti landsþingsstaður verður tilkynntur mjög fljótlega.

Þakkaði hann fráfarandi stjórnarmönnum samstarfið og bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa og sleit 48. ársþingi L.H.

Þingforsetar:

Gunnar Jónsson
(sign)

Sveinbjörn Eyjólfsson
(sign)

Yfirritari:

Sigurður Þórólfsson
(sign)